

## 2. gr.

Aðrar rannsóknir eru unnar í tímavinnu samkvæmt fyrirfram áætlaðri tímabörf.

## 3. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram sammingsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið 10. september 1979.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

27. ágúst 1979.

Nr. 368.

## REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

## 1. gr.

### Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra.

|   |           |
|---|-----------|
| Fyrir opinn bát .....   | kr. 2 600 |
| Fyrir opinn bát með vél .....                                 | — 4 700   |
| Fyrir þilfarsskip minna en 15 rúml. ....                      | — 8 400   |
| Fyrir þilfarsskip 15 rúml. allt að 30 rúml. ....              | — 10 500  |
| Fyrir þilfarsskip 30 rúml. allt að 50 rúml. ....              | — 14 100  |
| Fyrir þilfarsskip 50 rúml. allt að 100 rúml. ....             | — 16 200  |
| Fyrir þilfarsskip 100 rúml. allt að 200 rúml. ....            | — 24 100  |
| Fyrir þilfarsskip 200 rúml. allt að 300 rúml. ....            | — 27 200  |
| Fyrir þilfarsskip 300 rúml. allt að 400 rúml. og stærri ..... | — 34 000  |

Þegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  hluti, fyrir vélaskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  hluti og fyrir bolskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  hluti. Hálf rúmllest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

## 2. gr.

### Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

Skal greiðslan vera kr. 1 500 á klst. á tímabilinu 08.00—17.00, en kr. 2 300 á öðrum tíma dags og á laugar- og sunnudögum.

Bifreiðakostnaður skal greiddur með kr. 87.00 fyrir ekinn kílómeter.

## 3. gr.

### Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir hleðslumerkjaskoðun og áritun hleðslumerkjaskírteinis greiðist kr. 5 200.00

## 4. gr.

Skoðunarmönnum er heimilt að innheimta kr. 2 500.00 hjá umbiðjanda vottorða vegna endurgreiðslu tolla.

## 5. gr.

**Reikningar.**

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórriti, í þar til gerðar bækur, sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr., skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3., gr. greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

Reglugerð þessi, um laun fyrir skoðun á skipum, sem framkvæmd er af hinum lögskipuðu skoðunarmönnum, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, er hér með sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 168 31. mars 1977, um laun skipa-skoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

*Samgönguráðuneytið 27. ágúst 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ****um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.**

## 1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum með 200 íbúa og fleiri skulu vegir og götur teljast þjóðvegir samkvæmt 30. gr. vegalaga nr. 6/1977 svo sem hér segir (númer þjóðvegjar er tilgreint í sviga eftir því sem við á).

**Vík í Mýrdal:**

Suðurlandsvegur (1) frá ristarhliði, norðan gatnamóta upp á Reynisfjall, að söluskála Kaupfélags Vestur-Skaftfellinga. Víkurbraut frá Suðurlandsvegi (1) austan víkurár að verslunarhúsum VVS.

**Hvolsvöllur:**

Suðurlandsvegur (1) frá Hvolsgötu að Hlíðarvegi. Fljótshlíðarvegur (261) frá Suðurlandsvegi (1) um Hlíðarveg að læk austan sýslumannsbústaðar.

**Hella:**

Þrúðvangur frá Suðurlandsvegi (1) norður fyrir hús Kaupfélagsins Þórs.